

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps


88. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Hótel Klaustri 2. des. 2019
klukkan 17:00

Mættir. Aðalmenn: Katrín Gunnarsdóttir, Rannveig E. Bjarnadóttir boðaði forföll, Sólveig Ólafsdóttir varamaður, Lilja Magnúsdóttir.

1. Uppskeru- og þakkarhátíð. Rætt um hvernig hátíðin tókst og farið yfir reikninga. Allur ágóði af viðburðum á Uppskeru- og þakkarhátíðinni rann til Björgunarsveitarinnar Kyndils á Kirkjubæjarklaustri til kaupa á nýjum björgunarsveitarbíl. Það söfnuðust 241 771 króna og ætlaði sveitarstjórn Skaftárhrepps að tvöfalda þá upphæð. Björgunarsveitin Kyndill fékk því 483 542 krónur til kaupa á nýjum bíl fyrir sveitina. Almenn ánægja var með hátíðina og menningarmálanefnd þakkar þeim sem tóku þátt. Sérstakar þakkir fá gestgjafar sem buðu heim og listamennirnir sem komu fram.
2. Lögð fram til kynningar lýsing á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2020 - 2032 sem er í vinnslu. Þessi drög eru frá því í okt. 2019. Nefndin sér ekkert sem þarf að bæta við og lýst mjög vel á það sem komið er.
3. Önnur mál: a) Borist hefur erindi frá Leikhópnum Lottu þar sem þau koma með tilboð um að koma með leiksýninguna Hans klaufa í vetur á Klaustur eða til Víkur. Katrín ætlar að tala við sveitarstjóra um hvernig eigi að vinna þetta mál áfram en tilboðið er til Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps sameiginlega. Nefndinni lýst vel á tilboðið en ræða þarf fyrirkomulagið betur. b) Rætt um hvort hægt sé að finna menningarviðburði til að hafa hér í Skaftárhreppi. Kynningarfulltrúa falið að hafa samband við listamenn.

Fundi slitið 18:00

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



Lilja Magnúsdóttir
Katrín Gunnarsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir